




Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Málsnr. 2308001/ JKÁ

Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins
Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra
Efni: Fossvogsbrú – breyting á deiliskipulagi
Dags: 5. september 2023

Svæðisskipulagsnefnd barst bréf úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þar sem kom fram að Kópavogsbær óskaði eftir umsögn um breytingu á deiliskipulagi brúar yfir Fossvog. Breytingin felur í sér minniháttar breytingar, m.a. hliðrun á legu, stækkun landfyllingar og breytta útfærslu göngu- og hjólastíga.



Vinstri: tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Hægri: svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 br. 2018.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040

Skipulagsvæðið er hluti af *samgöngu- og þróunarás* samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en í svæðisskipulagi segir m.a. um samgönguása: „*eru reitir sem eru vel tengdir við almenningssamgöngur, Borgarlínu eða hefðbundinn strætó með hátt þjónustustig*“ og „*lega samgöngu- og þróunarás er bindandi stefna*“

Umsögn

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við breytingartillögu. Fossvogsbrú er mikilvægur hluti samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins og stefnumörkun um bætтар tengingar fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi milli meginkjarna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og stefnumörkun um þéttingu byggðar meðfram hágæða almenningssamgöngum.

Virðingarfyllt,

Jón Kjartan Ágústsson

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins